Qualified Electronic Signature
RAKEL SÆMUNDSDÓTTIR
2024-07-10 14:29:31 GMT
GoPro

Qualified Electronic Signature
AXEL BENEDIKTSSON
2024-07-11 11:32:03 GMT
GoPro

UMHVERFIS
STOFNUN

Hörgársveit
Jakobína Ósk Sveinsdóttir
Þelamerkuskóli
601 Akureyri

Reykjavík, 10. júlí 2024
UST202406-002/A.B.
10.04.02

**Efni: Breyting - Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 og deiliskipulag vegna breytingar á landi Lónsár, Berghóls og Lónsbakka.**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hörgársveitar er barst 3. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 vegna breytingar á landi Lónsár, Berghóls og Lónsbakka.

Í erindinu kemur fram að gerð er breyting á aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 þannig að hluta lands Lónsár er breytt úr verslunar- og þjónustusvæði í íbúðarsvæði, aðkomuleið að lóðinni Lónsbakka er bætt við skipulagsuppdrátt auk þess að götutenging milli Lónsvegar og Sjafnargötu á Akureyri er felld út af skipulagsuppdrætti. Auk þess er svæði fyrir samfélagsþjónustu (S1) stækkað til norðurs til að gera ráð fyrir stækkun leikskólans Álfasteins. Bætt er við reit fyrir verslun og þjónustu við Hörgárbraut.

Umhverfisstofnun hefur farið fyrir ofangreinda breytingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
***sérfræðingur***
Rakel Sæmundsdóttir
***sérfræðingur***